STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1989



# GJALDSKRÁ

**fyrir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.**

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:
1. Sérfræðingur, 1 880,00, kr./klst.
2. Aðstoðarmaður, 1 420,00, kr./klst.

Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klst.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

| **Eðlis- og efnarannsóknir:** | **kr.** |
|---|---|
| Ákvörðun á sýrumagni (títrun) | 475 |
| Ákvörðun á sýrustigi (pH) | 360 |
| Eðlisþyngd (pyknometer) | 700 |
| Fitumæling (Gerber) | 715 |
| Fosfatase próf | 480 |
| Litprófun (reduktase próf) | 480 |
| Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond) | 290 |
| Peroxidase próf | 480 |
| Þurrefnisákvörðun | 480 |
| | |
| **Örverurannsóknir:** | |
| Undirbúningur sýna og gerð vottorðs | 680 |
| Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitastig) | 560 |
| Kólierlar MPN eða VRBA | 415 |
| Saurkóligerlar, MPN eða VRBA | 415 |
| Straphylococcus aureus | 650 |
| Ger- eða myglusveppir | 560 |
| Sulfit-afoxandi clostridia | 635 |
| Bacillus cereus | 635 |
| Clostridium perfringens | 860 |
| Brochotrix thermospacta | 635 |
| Gram-neikvæðir gerlar á CV agar | 560 |
| Pseudomanas, frúoriserandi | 635 |
| Fecal streptococcar | 635 |
| Mjólkursýrugerlar | 635 |
| Loftfirrð ræktun | 750 |
| Rodac-skálar með æti | 75 |
| Delvopróf (antibiotika) | 635 |
| Camphylobacter, ræktun, greining | 1 450 |
| Salmonella, forræktun og forgreining | 1 350 |
| Salmonella, biogreining með API 20E (undirbúningur fyrir API próf innifalinn) | 1 770 |
| Antibiotika mæling á agaræti (sjá 7. gr.) | |
| Ræktun með Millipore síun (sjá 7. gr.) | |
| Smásjárrannsókn (sjá 7. gr.). | |

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir skv. 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Stofnunni er heimilt að innheimta gjald fyrir flutning sýna, ferðir- og uppihald.

5. gr.

Gjald vegna útgáfu vottorðs eða annarrar skjalfestrar yfirlýsingar er varðar niðurstöður sýnis er kr. 460 fyrir hvert vottorð umfram eitt.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna skal veittur 30% afsláttur frá gjaldskránni. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt vegna rannsóknastarfa sé reglum, sem stofnunin setur, fullnægt.

7. gr.

Heimilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga allt að 20% afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og möguleika til að lækka kostnað við þjónustuna.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald skv. 1. gr.

9. gr.

Stofnunni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir útgáfu og eindagi einum mánuði síðar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. mars 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 143 14. mars 1989

# AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir sorpeyðingu á Akranesi.**

**1. Almenn ákvæði.**

1. 1. Starfleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslanasorpi á Akranesi.

1. 2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur, ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.